

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sálfræðingafélag Íslands

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sálfræðingafélags Íslands (SÁL) í Borgartúni 30, mánudaginn 14. maí 2018.

Mætt voru: Fyrir hönd SÁL Anna María Frímansdóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru Berglind Eva Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Seinkun á innleiðingu starfsmats

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við aðildarfélag BHM frá árinu 2016 var samið um upptöku starfsmatskerfisins SAMSTARF. Aðgerðaráætlun sem fylgir kjarasamningunum gerir ráð fyrir innleiðingu starfsmatsins í þremur skrefum, en innleiðingarferlinu skal lokið fyrir 1. júní 2018.

Reyndin hefur orðið sú að mat á störfum samkvæmt starfsmati, hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir í kjarasamningum. Það liggur því fyrir að innleiðingarferli starfsmats fyrir háskólamenntaða starfsmenn sveitarfélaga verður ekki lokið fyrir 1. júní 2018.

Niðurstaða:

Til að bregðast við þessum aðstæðum og tryggja örugga innleiðingu starfsmats hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi:

- Frá 1. júní 2018 gildir bráðabirgðaröðun starfa áfram þar til starfsmatsniðurstaða og ný launaröðun liggur fyrir.
- Launatafla fyrir bráðabirgðaröðun starfa hækkar um 3,4% frá 1. júní 2018.
- Þrátt fyrir tafir á upptöku starfsmats gildir starfsmatsniðurstaða engu að síður frá 1. júní 2018 samkvæmt gildandi launatöflu starfsmatsfélaga.
- Verði niðurstaða starfsmats hærrí en bráðabirgðaröðun mun starfsmaður ráðast samkvæmt henni þegar hann hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi útfærslu reiknivélar 2.
- Verði niðurstaða starfsmats lægri en bráðabirgðaröðun ber að lækka röðun starfsins til samræmis við þá niðurstöðu þremur mánuðum eftir að starfsmatsniðurstaða hefur verið tilkynnt af framkvæmdanefnd.
- Stefnt skal að því að innleiðingu starfsmats verði lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

Fleira ekki gert.